



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

140. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 13. október í bóknámshúsi kl. 17.00.

Mættir: Hjálmar Árnason skólameistari, Guðmundur Björnsson formaður skólanefndar, Bogi Hallgrímsson, Ólafur Eggertsson, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Ingimundur Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Þór Stefánsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Ágir Sigurðsson og Stefán Jónsson fjármálastjóri og fundarritari.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár:

1. Ráðning kórstjóra:

Umsóknir bárust frá Siguróla Geirssyni og Má Magnússyni.

Samþykkt að ráða Siguróla Geirsson sem kórstjóra.

2. Ráðning fjármálastjóra:

Umsóknir bárust frá þremur. Tveir óskuðu nafnleyndar.

Samþykkt að ráða Jón Sæmundsson sem fjármálastjóra.

3. Óvissa um gildistöku laga um framhaldsskóla:

Fráfarandi menntamálaráðherra skipaði Björku Guðjónsdóttur til að vera fulltrúi ríkisins í nýrri skólanefnd og formann hennar, en SSS hefur ekki tilnefnt fulltrúa sveitafélaganna í nefndina. Núverandi skólanefnd telur eðlilegt, miðað við að lögin taki að fullu gildi nú um áramót, að ekki verði skipt um skólanefnd fyrr en þá m.a. vegna þess að rekstrarformið (ríki/sveitafélög) á ekki að breytast fyrr en um áramótin. Fram kom að þetta mun vera í samræmi við túlkun embættismanna í menntamálaráðuneytinu.

Líkur eru á að gildistöku laganna verði frestað um eitt ár. Þetta þýðir að gera þarf fjárhagsáætlun fyrir sveitafélögin eins og áður. Skólanefndarmenn láti viðkomandi sveitastjórnir vita af þessari þróun mála. Skólanefndin vill að það komi fram að hún óttast að skólinn lendi á milli steins og sleggju í fjármálum ef gildistöku laganna verði frestað.

4. Önnur mál:

a) Ferð á Akranes. Guðmundur Björnsson skýrði frá þeirri ferð fyrir þeim skólanefndarmönnum sem ekki fóru.

b) Bréf hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skólameistara falið að svara bréfinu. Vegna þess að svarið kemur öllum sveitastjórnnum á Suðurnesjum við þá, var honum falið að skrifa hliðstæð bréf til þeirra allra.

c) Bréf Hafnahrepps til skólanefndar lagt fram.


d) Aðalfundur Sambands iðnfræðsluskóla og Iðnskólaútgáfunnar verður haldinn 14. okt. nk. FS á rétt að senda tvo fulltrúa. Samþykkt að Ægir Sigurðsson og Sturlaugur Ólafsson verði fulltrúar skólans, ásamt skólameistara sem á sjálfkrafa seturétt á fundinum.

e) Tréiðnadeild skólans hefur smíðað húsgögn fyrir Þroskahjálp á Suðurnesjum. Skólanefndarmenn fögnuðu vinnu þessari.

f) Kór FS er að hefja störf. Skáldakynning var hjá NFS í dag. Leikfélagið Vox Arena mun setja upp leikrit nú á næstunni, og annað stærra á vorönn. Skólameistari lýsti ánægju sinni með vaxandi menningarstarfsemi Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

g) Samþykkt að skólanefndarmenn kalli eftir viðbrögðum um húsnæðisskýrslu heima í héraði.

Fleira ekki gert fundi slitið



Stefán Jónsson fundarritari



Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar FS.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Suðurnesjum 10. október 1988.

FUNDARBOÐ.

Boðað er til fundar í skólanefnd Fjölbrauta-skóla Suðurnesja, fimmtudaginn 13. október 1988 og hefst hann kl. 17:00 í stofu 212 í bóknámshúsi.

Dagskrá:

- ✓ 1. Ráðning kórstjóra.
- ✓ 2. Ráðning fjármálastjóra.
3. Övissa um gildistöku laga um framhaldsskóla.
4. Önnur mál (1) SI aðalfundur
✓ (2) þroskamál - t.e. deild.
✓ (3) Leikfél. skóla - lión
Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar.

✓ Fjórðagsn. SSS mán. 17
nl. 17

(4) Hagsn. Bk/lyst

Sende Brief als v. f. l.

Sch. in f. d. m. n. y. d. u. m

10. 1. 1900 (Sch. v. f. l. f. d. m. n. y. d. u. m)



Fjölbrautarskóli Suðurnesja
v/Sunnubraut
230 Keflavík.


Höfnum 26.sept.1988.

Á fundi hreppsnefndar Hafnahrepps þriðjudaginn 6.sept. s.l. var fundargerð F.S. nr. 135 á dagskrá.

2. dagskrárliður fundargerðarinnar Lög um framhaldsskóla vakti umræður og spurningar t.d. hver á að kjósa fjóra fulltrúa í skólanefnd? Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Hreppsnefnd Hafnahrepps styður álit skólanefndar um að öll sveitarfélögin ættu að eiga sinn fulltrúa í skólanefndinni svo sem verið hefur.

Virðingarfyllst,



Þórarinn St. Sigurðsson
sveitarstjóri

Afrit sent stjórn S.S.S.



K J Ö R B R E F

SKÓLI:

Fjölbrotaskóli Sudurnesja

SKÓLASTJÓRI

Hjálmar Linnarsson

FULLTRÚAR:

S. Þurkaygen Elafsson
Ólafur Sigurðsson

VARAFULLTRÚAR:

Magnus Karlsson
Sigrður Benediktsson

AÞEYRNARFULLTRÚAR:

Staður og dagsetning:

Sudurnesjum 2.10.88

Staðfesting skólastjóra:

Hjálmar Linnarsson

Staðfesting framkvæmda-
stjóra Sambands iðnfræðslu-
skóla eða fjármálastjóra
Iðnskólaútgáfu: